

Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til borg- 69
arstjórans í Reykjavík, um endurgreiðslu sveitarstyrks. 22. nóv.

Með brjefi dags. 24. júlí þ. á. hafið þjer, herra borgarstjóri, beiðst úrskurðar ráðuneytisins um það, hvort skylt sje að greiða af bæjarsjóði Reykjavíkur barnsmóður norðmannsins Mons Olsens, Kristínu nokkurri Kristjánsdóttur, úrskurðað meðlag barnsföður með óskilgetnu barni þeirra, en báðar þessar persónur eiga heimili hjer í bænum. Þjer hafið færst undan að greiða meðlagið af því að barnsfaðir eigi framfærslurjett í Noregi og mundu því litlar líkur til þess, að hinn útlagði framfærslueyrir með barninu fengist endurgreiddur.

Samkvæmt meðlagsúrskurðinum er umrætt barn fætt 4. mars þ. á.; nafns þess er ekki getið, og þar sem það er in confesso, að móðir þess á framfærslurjett hjer á landi, getur dvalarsveit hennar ekki komist hjá því, að greiða með barninu úrskurðaða fúlgu samkvæmt 26. gr. laga nr. 46 frá 1921. En spurningin verður þá, hvaðan dvalarsveit á að fá fúlguna endurgreidda. Í því efni verður í þessu máli að fylgja fyrirmælum 1. mgr. 44. gr. fátækralaganna. Dvalarsveit barnsmóður á endurgreiðslurjett hjá þeirri sveit, er útlendingurinn á lögheimili hjer á landi, eða ef hann ekkert á, þar sem hann dvelur þegar meðlagsfúlgan, sem er sveitarstyrkur veittur barnsföður, er greidd barnsmóður. En nú er barnsfaðir einnig heimilisfastur hjer í bænum og kemur því ekki til endurgreiðslu frá dvalarsveit hans.

Á milli Íslands og Noregs mun enginn samningur vera um endurgreiðslu fátækrastryks, sem ríkisborgara annars landsins er veittur í hinu, og fáist styrkurinn ekki endurgreiddur fyrir milligöngu utanríkismálastjórnar vorrar, verður dvalarsveit þurfalingsins að bera hann svo lengi útlendingurinn er á landi hjer og á lífi, því að í því falli virðist ekki mögulegt að beita lögjöfnuði frá 2. mgr. 14. gr. fátækralaganna, til að fá styrkinn endurgreiddan úr ríkissjóði.

REGLUGJÖRÐ

um

þóknun til skoðunarmanna skipa og báta o. fl.

70
7. nóv.

Samkvæmt lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um þóknun fyrir skipa- og bátaskoðanir o. fl.:

70

1. gr.

7. nóv.

Fyrir skoðun á skipi eða bát, ber útgerðarmanni skipsins eða bátsins að greiða skoðunarmönnum gjald svo sem hjer fer á eftir:

A. *Fyrir skip, sem ganga fyrir vjelaafli.*

Stærð skipsins.	Á rúmlest.	Minsta gjald.
Minni en 50 rúmlestir	120 aura	30 krónur.
50 til 150 ———	105 —	60 —
150 — 300 ———	90 —	160 —
300 — 500 ———	75 —	270 —
500 — 1000 ———	60 —	375 —
1000 — 2000 ———	45 —	600 —
2000 — 4000 ———	30 —	900 —
4000 og þar yfir	20 —	1200 —

B. *Fyrir seglskip.*

Stærð skipsins.	Á rúmlest.	Minsta gjald.
Minni en 50 rúmlestir		15 krónur,
50 til 200 ———	30 aura	15 —
200 — 700 ———	20 —	60 —
700 og þar yfir	15 —	140 —

C. *Fyrir opna báta.*

Fyrir hvern bát 5 krónur.

Fyrir flokkuð skip er gjaldið helmingi minna en tekið er fram í A og B, haldi skipið flokki, er skoðun fer fram.

Fyrir nýsmíðað eða nýfengið skip, og skip sem fengið hafa aðalviðgerð, er gjaldið 50% meira en um getur í A, B og C.

Sje skipið aðeins skoðað að nokkru leyti, greiðist gjaldið að tiltölu, og ákveður lögreglustjóri þá gjaldið eftir ástæðum.

Skoðunarmenn skulu fá ferðakostnað sinn endurgoldinn og ennfremur 6 krónur á dag í fæðispeninga, sje skoðunin gerð 8 kílómetra frá heimili þeirra. Ríkissjóður geriðir þennan kostnað og leggur til öll nauðsynleg áhöld við skoðunina.

Fyrir yfirskoðun skal greiða eftir reikningi, sem lögreglustjóri samþykkir.

Láti yfirvöldin gera sjerstaka skoðun, sbr. 158. gr. tilskipunar nr. 43. 20. nóv. 1922, greiðir útgerðarstjóri kostnaðinn, ef skoðunarmennirnir úrskurða að skipið þurfi nauðsynlega umbóta við, áður en það leggi úr höfn, að öðrum kosti greiðir ríkissjóður skoðunarkostnaðinn.

2. gr.

70
7. nóv.

Fyrir skoðun og mælingar á skipi til ákvörðunar hleðslumerkja greiðir útgerðarmaður skipsins skoðunarmönnum þessi gjöld:

Stærð skipsins.	Krónur.
Minni en 300 rúmlestir	100.
300 til 1000 ———	150.
1000 — 2000 ———	220.
2000 — 3000 ———	290.
3000 — 4000 ———	360.
4000 og þar yfir	440.

Þegar hleðslumerkjaskírteini er gefið út eftir hleðslumerkjaskírteini frá erlendu stjórnarvaldi, eða viðurkendu flokkunarfjelagi, greiðir útgerð skipsins fyrir það 50 krónur, er renna í ríkissjóð.

3. gr.

Öll gjöld, sem að ofan eru talin, skulu greidd lögreglustjóra, um leið og skírteini er afhent, og skal hann greiða skoðunarmönnum hið ákveðna gjald fyrir skoðunina.

4. gr.

Nú glatast eða skemmist skírteini, sem gefið hefir verið út samkvæmt tilskipun um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra, frá 20. nóvember 1922, og skal þá lögreglustjóra skylt að láta eiganda skipsins nýtt skírteini í tje, en hann greiði útgefanda 10 krónur fyrir, er renna í ríkissjóð.

5. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. nóvember 1923.

Kl. Jónsson.

Vigfús Einarsson.